

AUGLÝSING

um samning hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar.

Hinn 16. júní 2015 var aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar sem gerður var í Róm 22. nóvember 2009. Alþingi hafði hinn 27. maí 2015, með þingsályktun nr. 5/144, heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Samningurinn öðlaðist gildi 5. júní 2016 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****HAFNRÍKJA UM AÐGERÐIR TIL AÐ FYRIRBYGGJA, HINDRA OG UPPRÆTA
ÓLÖGLEGAR, ÓTILKYNNTAR OG EFTIRLITSLAUSAR VEIÐAR****FORMÁLSORÐ**

Aðilar samnings þessa,

hafa miklar áhyggjur af áframhaldi á ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum og skaðlegum áhrifum þeirra á fiskistofna, vistkerfi sjávar og lífsviðurværi fiskimanna, sem stunda lögmætar veiðar, og vaxandi þörf fyrir fæðuöryggi í heiminum,

gera sér ljóst að það er hlutverk hafnríkja að samþykkja virkar aðgerðir til að stuðla að sjálfbærri nýtingu og varðveislu lifandi sjávarauðlinda til langs tíma,

viðurkenna að aðgerðir til að sporna gegn ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum ættu að byggja á meginábyrgð fánaríkja og gilda í öllum lögsagnarumdæmum skv. alþjóðalögum, þ. á m. hafnríkisaðgerðir, strandríkisaðgerðir, markaðstengdar aðgerðir og aðgerðir sem tryggja að innlendir aðilar styðji hvorki né stundi ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar,

viðurkenna að hafnríkisaðgerðir eru öflug og hagkvæm tæki til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar,

hafa skilning á þörfinni fyrir aukinni samræmingu innan svæða og milli svæða til að sporna gegn ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum með hafnríkisaðgerðum,

hafa hugfasta öra þróun samskiptatækni, gagnagrunna, netkerfa og alþjóðlegra skráninga sem styðja við hafnríkisaðgerðir,

gera sér ljósa þörf þróunnarríkja fyrir aðstoð við upptöku og framkvæmd hafnríkisaðgerða,

taka mið af ákalli alþjóðasamfélagsins í stofnunum Sameinuðu þjóðanna, þ. á m. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, fiskimálanefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hér eftir nefnd „FAO“, eftir bindandi alþjóðlegum samningi um lágmarksstaðla varðandi hafnríkisaðgerðir, sem byggja á alþjóðlegri aðgerðaáætlun FAO frá 2001 um að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar og fyrirmynd FAO að kerfi um aðgerðir hafnríkja til að sporna gegn ólöglegum, ótilkynntum og eftirlitslausum veiðum,

hafa í huga að í krafti fullveldisréttar yfir höfnum á yfirráðasvæði sínu geta ríki gripið til hertra aðgerða í samræmi við alþjóðalög,

minna á gildandi ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982, hér eftir nefndur „hafréttarsamningurinn“,

minna á samninginn um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförla fiskistofna og stjórnun veiða úr þeim frá 4. desember 1995, samninginn um að stuðla að því að fiskiskip á úthöfum fylgi alþjóðlegum ráðstöfunum um verndun og stjórnun frá 24. nóvember 1993 og siðareglur FAO um ábyrgar veiðar frá 1995,

gera sér ljósa þörfina á því að koma á alþjóðlegum samningi innan ramma FAO, samkvæmt XIV. gr. stofnskrár FAO,

og hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. hluti
ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.
Hugtök.

Í samningi þessum:

- a) merkir „verndunar- og stjórnunarráðstafanir“ ráðstafanir til verndunar og stjórnunar á lifandi sjávarauðlindum. sem samþykktar eru og beitt er í samræmi við gildandi reglur alþjóðalaga, þ. á m. þær sem felast í hafréttarsamningnum;
- b) merkir „fiskur“ allar tegundir lifandi sjávarauðlinda, hvort sem þær eru nýttar eða ekki;
- c) merkja „fiskveiðar“ að leita að, laða að, finna, veiða, taka eða nýta fisk og allar athafnir sem ætla má að feli í sér að laða að, finna, veiða, taka eða nýta fisk;
- d) merkir „fiskveiðitengd starfsemi“ allan rekstur til stuðnings eða undirbúnings fiskveiða, þ. á m. löndun, pökkun, vinnslu, umskipun eða flutning á fiski, sem ekki hefur áður verið landað í höfn, sem og útvegum starfslíðs, eldsneytis, búnaðar og annarra aðfanga á sjó;
- e) vísa „ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar fiskveiðar“ til þess athæfis sem tiltekið er í 3. mgr. alþjóðlegu aðgerðaáætlunar FAO frá 2001 til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar, hér eftir nefndar „veiðar utan laga“ (e. IUU fishing);
- f) merkir „samningsaðili“ ríki eða svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna sem hafa samþykkt að lúta samningi þessum og sem samningurinn gildir um;
- g) „höfn“ tekur einnig til afgreiðslustöðva á hafi úti og önnur mannvirki til löndunar, umskipunar, pökkunar, vinnslu, eldsneytistöku eða endurnýjunar á birgðum;
- h) merkja „svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna“ svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna sem aðildarríki hafa fært valdheimildir til í málum sem samningur þessi tekur til, þ.m.t. heimildir til að taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir aðildarríki þeirra að því er varðar þau mál;
- i) merkir „svæðisbundin veiðistjórnarstofnun“ fjölþjóðlega stofnun eða fyrirkomulag, eftir því sem á við, sem hefur heimild til að ákvarða verndunar- og stjórnunarráðstafanir; og
- j) merkir „skip“ hvers kyns sjófar eða bát sem er notað, útbúið eða ætlað til fiskveiða eða fiskveiðitengdrar starfsemi.

2. gr.
Markmið.

Markmið samnings þessa er að fyrirbyggja, hindra og uppræta veiðar utan laga með því að innleiða virkar aðgerðir af hálfu strandríkja og tryggja þannig verndun og sjálfbæra nýtingu lifandi sjávarauðlinda og sjávarvistkerfa til langs tíma.

3. gr.
Beiting.

1. Hver samningsaðili skal, sem hafnríki, beita ákvæðum samnings þessa gagnvart skipum sem ekki hafa heimild til að sigla undir fána þess og sækjast eftir að komast í hafnir hans eða eru stödd í einum af höfnum hans, að undanskildum:
 - a) skipum nágrannaríkis sem stunda óvélvæddar sjálfsþurftarveiðar, enda vinni hafnríkið og fánaríkið saman að því að tryggja að slík skip stundi ekki veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar; og
 - b) gámaskipum sem ekki flytja fisk eða, ef þau flytja fisk, þá aðeins fisk sem áður hefur verið landað, enda sé engin augljós ástæða til að gruna að slík skip hafi verið við fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við veiðar utan laga.
2. Samningsaðila er heimilt, sem hafnríki, að ákveða að beita ekki ákvæðum samnings þessa gagnvart skipum sem ríkisborgarar hans hafa á leigu einungis til nota við fiskveiðar innan lögsögu ríkisins og gera þar út með heimild ríkisins. Slík skip skulu háð aðgerðum af hálfu samningsaðilans sem eru jafnvirkar og aðgerðir sem beitt er varðandi skip sem hafa rétt til að sigla undir fána hans.

3. Samningur þessi skal gilda um fiskveiðar á hafsvæðum sem eru ólöglegar, ótilkynntar eða eftirlitslausar, samkvæmt skilgreiningu í e-lið 1. gr. samnings þessa, og um fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar.
4. Ákvæðum samnings þessa skal beita af sanngirni, gagnsæi og án mismununar, í samræmi við alþjóðalög.
5. Þar sem gildissvið samnings þessa er altækt og hann gildir um allar hafnir, skulu samningsaðilar hvetja alla aðra aðila til að beita aðgerðum til samræmis við ákvæði hans. Þeir sem ekki gerast að öðru leyti aðilar að samningi þessum geta lýst sig skuldbundna til að fylgja ákvæðum hans.

4. gr.

Tengsl við alþjóðalög og aðra alþjóðlega samninga.

1. Ekkert í samningi þessum skal skerða réttindi, lögsögu og skyldur samningsaðila að þjóðarétti. Sér í lagi ber ekki að skilja neitt í samningi þessum á þann veg að það hafi áhrif á:
 - a) fullveldi samningsaðila yfir innsævi, eyjahafsvæðum og landhelgi eða fullveldisrétt yfir landgrunni og efnahagslögsögu;
 - b) beitingu samningsaðila á fullveldisrétti sínum yfir höfnum á landsvæði þeirra í samræmi við alþjóðalög, þ. á m. rétt þeirra til að synja um aðgang að höfnum, sem og að beita strangari aðgerðum en þeim sem kveðið er á um í samningi þessum, þ. á m. aðgerðum sem gripið er til samkvæmt ákvörðun svæðisbundinnar veiðistjórnarstofnunar.
2. Þótt samningsaðili beiti ákvæðum samnings þessa verður hann ekki þar með bundinn af aðgerðum eða ákvörðunum svæðisbundinnar veiðistjórnarstofnunar, sem hann er ekki aðili, né leiðir af því nein skylda til að viðurkenna hana.
3. Samningsaðili er ekki í neinu tilviki skyldugur samkvæmt samningi þessum til að framkvæma aðgerðir eða ákvarðanir svæðisbundinnar veiðistjórnarstofnunar ef þær aðgerðir eða ákvarðanir eru ekki samþykktar skv. alþjóðalögum.
4. Samning þennan ber að túlka og beita í samræmi við alþjóðalög og taka mið af gildandi alþjóðlegum reglum og stöðlum, þ.m.t. þeim sem settir eru fyrir tilstilli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem og öðrum alþjóðlegum samningum.
5. Samningsaðilar skulu uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningi þessum í góðri trú og beita þeim heimildum sem hér eru viðurkenndar með þeim hætti að ekki sé um að ræða misbeitingu réttar.

5. gr.

Samþætting og samræming að landsrétti.

Hver samningsaðili skal, eftir því sem honum frekast er unnt:

- a) samþætta eða samræma fiskveiðitengdar hafnríkisaðgerðir við hið víðara kerfi hafnríkiseftirlits;
- b) samþætta hafnríkisaðgerðir við aðrar aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta veiðar utan laga og fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, að teknu tilliti til alþjóðlegra aðgerðaáætlunar FAO frá 2001 um að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar, eftir því sem við á; og
- c) gera ráðstafanir um upplýsingaskipti milli viðeigandi landsbundinna stofnana og samræma starfsemi þessara stofnana við framkvæmd samnings þessa.

6. gr.

Samvinna og upplýsingaskipti.

1. Til að stuðla að virkri framkvæmd samnings þessa, og að teknu eðlilegu tilliti til viðeigandi trúnaðarskyldna, skulu samningsaðilar vinna saman og skiptast á upplýsingum við ríki sem málið varðar, FAO, aðrar alþjóðlegar stofnanir og svæðisbundnar fiskveiðistjórnarstofnanir, þ. á m. upplýsingum um aðgerðir sem samþykktar hafa verið af þessum svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum og tengjast markmiðum samnings þessa.
2. Hver samningsaðili skal, eftir því sem honum frekast er unnt, gera ráðstafanir til að styðja við verndunar- og stjórnunarráðstafanir annarra ríkja og annarra viðeigandi alþjóðlegra stofnana.

3. Samningsaðilar skulu vinna saman innan undirsvæða, innan svæða og á alþjóðlegum vettvangi að virkri framkvæmd samnings þessa, þ. á m., eftir því sem við á, með milligöngu FAO eða svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og kerfa.

2. hluti
AÐGANGUR AÐ HÖFN

7. gr.

Tilgreining hafna.

1. Hver samningsaðili skal tilgreina og tilkynna um hafnir sem skipum er heimilt að biðja um aðgang að samkvæmt samningi þessum. Hver samningsaðili skal afhenda skrá yfir tilgreindar hafnir til FAO, sem skal birta hana með viðeigandi hætti.
2. Hver samningsaðili skal, eftir því sem honum er frekast unnt, tryggja að hver tilgreind tilkynnt höfn samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar sé til þess búin að sinna eftirliti samkvæmt samningi þessum.

8. gr.

Fyrir fram beiðni um aðgang að höfn.

1. Hver samningsaðili skal að lágmarki krefjast þess að upplýsingar sem beið er um samkvæmt viðauka A séu veittar áður en aðgangsheimild skips að höfn er veitt.
2. Hver samningsaðili skal krefjast þess að upplýsingarnar sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar séu veittar með nægilega tímanlegum hætti til þess hafnríkið hafi nægan tíma til að fara yfir þær.

9. gr.

Aðgangur að höfn, heimild eða synjun.

1. Þegar samningsaðili hefur fengið þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt 8. gr., sem og aðrar upplýsingar sem krafist er til að ákvarða hvort skipið sem biður um aðgang að höfn hans hafi verið við veiðar utan laga eða stundað fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, skal hann ákveða hvort veita skuli eða synja um leyfi til aðgangs að höfn hans og tilkynna ákvörðun þar um til skipsins eða umboðsaðila þess.
2. Í þeim tilvikum sem heimild er veitt, skal skipstjóri eða umboðsaðili skipsins framvísa heimildinni til lögbærs stjórnvalds samningsaðilans þegar skipið kemur í höfn.
3. Í þeim tilvikum sem synjað er um aðgang, skal samningsaðili tilkynna þá ákvörðun, sem tekin er samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, til fánaríkis skipsins og, eftir því sem við á og unnt er, til viðkomandi strandríkja, svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og annarra alþjóðlegra stofnana.
4. Með fyrirvara um 1. mgr. þessarar greinar, þegar samningsaðili hefur fullnægjandi sannanir um að skip sem biður um aðgang að höfn hafi stundað veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, sér í lagi ef skipið er á skrá yfir skip sem stundað hafa slíkar veiðar eða fiskveiðitengda starfsemi hjá viðkomandi svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum, samkvæmt reglum og málsmeðferð slíkra stofnana og í samræmi við alþjóðalög, skal samningsaðili synja skipinu um aðgang að höfnum sínum, að teknu tilliti til 2. og 3. mgr. 4. gr.
5. Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. þessarar greinar, má samningsaðili heimila aðgang að höfnum sínum skipum, sem getið er í þessum málsgreinum, í þeim tilgangi einum að skoða það og grípa til viðeigandi aðgerða í samræmi við alþjóðalög sem eru í það minnsta jafn skilvirkar og synjun um aðgang að höfn til þess að fyrirbyggja, hindra og uppræta veiðar utan laga og fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar.
6. Þegar skip, sem getið er um í 4. og 5. mgr. þessarar greinar, er í höfn, af hvaða ástæðu sem er, skal samningsaðili synja því um afnot af höfninni til löndunar, umskipunar, pökkunar, fiskvinnslu og til annarrar hafnarþjónustu, eldsneytistöku og birgðaendurnýjunar, viðhalds og aðgangs að þurrkví. 2. og 3. mgr. 11. gr. gilda í slíkum tilvikum að breyttu breytanda. Synjun um slík afnot af höfn skal vera í samræmi við alþjóðalög.

10. gr.

Óviðráðanleg atvika eða neyð.

Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á aðgang skipa að höfnum samkvæmt alþjóðalögum vegna óviðráðanlegra atvika eða neyðar, eða hindrar ríki í að heimila skipi aðgang að höfn í þeim tilgangi einum að koma fólki, skipum eða loftförum í hættu eða neyð til hjálpar.

3. hluti

AFNOT AF HÖFNUM

11. gr.

Afnot af höfnum.

1. Þegar skip er komið í höfn samningsaðila, skal hann, samkvæmt eigin lögum og reglum og í samræmi við alþjóðalög, þ. á m. þennan samning, synja viðkomandi skipi um afnot af höfninni til löndunar, umskipunar, pökkunar og vinnslu á fiski sem ekki hefur áður verið landað og um aðra hafnarþjónustu, þ.m.t. eldsneytistöku og birgðaendurnýjun, viðhald og aðgang að þurrkvi, ef:
 - a) samningsaðili kemst að því að skipið hefur ekki gilda og viðeigandi heimild til að stunda fiskveiðar eða fiskveiðitengda starfsemi sem krafist er af hálfu fánaríkis þess;
 - b) samningsaðili telur að skipið hafi ekki gilda og viðeigandi heimild til að stunda veiðar eða fiskveiðitengda starfsemi samkvæmt kröfum strandríkis varðandi svæði sem heyra undir lögsögu þess ríkis;
 - c) samningsaðili fær gildar vísbendingar um að fiskurinn um borð hafi verið tekinn í andstöðu við gildandi kröfur strandríkis varðandi svæði sem heyra undir lögsögu þess ríkis;
 - d) fánaríkið staðfestir ekki innan hæfilegs frests, að beiðni hafnríkisins, að fiskurinn um borð hafi verið tekinn í samræmi við gildandi kröfur viðkomandi svæðisbundinnar veiðistjórnarstofnunar, að teknu tilliti til 2. og 3. mgr. 4. gr.; eða
 - e) samningsaðilinn hefur réttmæta ástæðu til að ætla að skipið hafi með öðrum hætti stundað veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, þ.m.t. til stuðnings við skip sem getið er í 4. mgr. 9. gr., nema skipið geti sýnt fram á:
 - i. að það hafi hagað sér í samræmi við viðeigandi verndunar- og stjórnunarráðstafanir; eða
 - ii. þegar um er að ræða útvegum mannafla, eldsneytis, búnaðar og annarra aðfanga á sjó, að það skip sem var þjónustað hafi ekki á þeim tíma fallið undir 4. mgr. 9. gr.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skal samningsaðili ekki synja skipi sem getið er um í þeirri málsgrein um notkun á hafnarþjónustu:
 - a) sem er nauðsynleg öryggi eða heilsu áhafnarinnar eða öryggi skipsins, enda séu færðar sönnur á þeirri nauðsyn, eða
 - b) eftir því sem við á, þegar skip er tekið til úrelðingar.
3. Þegar samningsaðili hefur synjað um hafnarafnot samkvæmt þessari grein skal hann tilkynna fánaríkinu um ákvörðun sína án tafar og, eftir því sem við á, viðkomandi strandríkjum, svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum og öðrum alþjóðastofnunum.
4. Samningsaðili skal því aðeins draga til baka synjun um hafnarafnot skips skv. 1. mgr. þessarar greinar að nægar sannanir séu fyrir því að ástæður synjunarinnar hafi verið ófullnægjandi eða rangar eða að þær ástæður eigi ekki lengur við.
5. Ef samningsaðili hefur dregið til baka synjun skv. 4. mgr. þessarar greinar skal hann tilkynna um það til þeirra sem tilkynningu fengu skv. 3. mgr. þessarar greinar.

4. hluti

EFTIRLIT OG EFTIRFYLGNIADGERÐIR

12. gr.

Umfang eftirlits og forgangsmál.

1. Hver samningsaðili skal skoða þann fjölda skipa í höfnum sínum sem nægir til þess að árlegt umfang eftirlits dugi til þess að ná markmiðum samnings þessa.
2. Samningsaðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um lágmarks umfang eftirlits með skipum með milligöngu svæðisbundinna fiskveiðistjórnarstofnana, FAO eða með öðrum hætti, eftir því sem við á.

3. Við ákvörðun á því hvaða skip skuli tekið til eftirlits skal samningsaðili setja í forgang:
- skip sem hefur verið synjað um aðgang eða afnot af höfn samkvæmt samningi þessum;
 - óskir frá öðrum viðkomandi samningsaðilum, ríkjum eða svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum um að tiltekin skip skuli skoðuð, sérstaklega þegar slíkar óskir eru studdar gögnum um að skip hafi verið við veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar; og
 - önnur skip sem rökstuddur grunur er um að hafi stundað veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar.

13. gr.

Framkvæmd eftirlits.

- Hver samningsaðili skal tryggja að eftirlitsmenn hans sinni að lágmarki þeim verkefnum sem sett eru fram í viðauka B.
- Hver samningsaðili skal, við framkvæmd eftirlits í höfnum sínum:
 - tryggja að eftirlit sé í höndum eftirlitsmanna með tilskilin réttindi, með sérstakri hliðsjón af 17. gr.;
 - tryggja, áður en eftirlit fer fram, að eftirlitsmönnum sé gert að framvísa skipstjóra skipsins viðeigandi skilríkjum sem auðkenna eftirlitsmennina sem slíka;
 - tryggja að eftirlitsmenn rannsaki öll rými skipsins sem máli skipta, fiskinn um borð, net og önnur veiðarfæri, búnað og hvers kyns skjöl eða skrár um borð sem máli skipta við sannprófun á því hvort farið sé að gildandi reglum um verndunar- og stjórnunarráðstafanir
 - krefjast þess að skipstjóri skipsins veiti eftirlitsmönnum alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar og framvísi viðeigandi gögnum og skjölum sem krafist er, eða staðfestum afritum þeirra;
 - í þeim tilvikum sem viðeigandi samkomulag er í gildi við fánaríki skipsins þar um, bjóða því ríki að taka þátt í eftirlitinu;
 - forðast eftir fremsta megni að tefja skipið að ástæðulausu til að lágmarka truflanir og óþægindi, þ. á m. óþarfa dvöl eftirlitsmanna um borð, og forðast aðgerðir sem hafa skaðleg áhrif á gæði fisksins um borð;
 - gera allt sem mögulegt er til að greiða fyrir samskiptum við skipstjóra eða yfirmenn skipsins, þ.m.t., ef hægt er og nauðsyn krefur, að túlkur sé í fylgd með eftirlitsmanni;
 - tryggja að eftirlit fari fram með sanngjörnum og gagnsæjum hætti og án mismununar eða áreitni gagnvart skipi; og
 - ekki hindra að skipstjóri hafi sambandi við yfirvöld í fánaríkinu í samræmi við alþjóðalög.

14. gr.

Niðurstöður eftirlits.

Hver samningsaðili skal að lágmarki skrá þær upplýsingar sem tiltekna eru í viðauka C í skriflegu skýrslunni um niðurstöður hvernar eftirlitsskoðunar.

15. gr.

Sending eftirlitsniðurstaðna.

Samningsaðili skal senda niðurstöður hvernar eftirlitsskoðunar til fánaríkis skipsins að skoðun lokinni og, eftir því sem við á, til:

- viðkomandi samningsaðila og ríkja, þ. á m.:
 - þeirra ríkja þar sem eftirlit hefur leitt í ljós vísbendingar um að skipið hafi stundað veiðar utan laga eða fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar á hafsvæðum sem heyra undir lögsögu þess; og
 - þess ríkis þar sem skipstjórinn er ríkisborgari;
- viðkomandi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana; og
- FAO og annarra viðkomandi alþjóðlegra stofnana.

16. gr.

Rafræn upplýsingaskipti.

1. Til að greiða fyrir framkvæmd samnings þessa, skal hver samningsaðili eftir föngum koma á fót samskiptakerfi sem þar sem gert er ráð fyrir beinum rafrænum upplýsingaskiptum, að teknu tilliti til trúnaðarskyldu eftir því sem við á.
2. Að því marki sem unnt er, og að teknu tilliti til trúnaðarskyldu eftir því sem við á, skulu samningsaðilar vinna saman að því að koma á fót upplýsingaskiptakerfi, sem æskilegt væri að yrði samræmt af FAO, í tengslum við annað fjölþjóðlegt og alþjóðlegt frumkvæði og greiða fyrir upplýsingaskiptum við gagnagrunna sem fyrir eru og samningur þessi varðar.
3. Hver samningsaðili skal tilnefna stjórnvald sem gegna skal hlutverki tengiliðar fyrir upplýsingaskipti samkvæmt samningi þessum. Hver samningsaðili skal tilkynna um tilnefningu sína til FAO.
4. Hver samningsaðili skal fara með upplýsingar, sem afhenda ber í gegnum kerfi sem komið hefur verið á fót samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við viðauka D.
5. FAO skal fara fram á það við viðkomandi svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir að þær veiti upplýsingar um aðgerðir eða ákvarðanir sem þær hafa samþykkt og innleitt og tengjast efni samnings þessa, til að fella þær, að því marki unnt er og að teknu tilliti til viðeigandi trúnaðarskyldu, inn í upplýsingaskiptakerfið sem getið er í 2. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

Þjálfun eftirlitsmanna.

Hver samningsaðili skal tryggja að eftirlitsmenn hans fái viðeigandi þjálfun með hlíðsjón af leiðbeiningunum um þjálfun eftirlitsmanna í viðauka E. Samningsaðilar skulu leitast við að vinna saman í þessu efni.

18. gr.

Hafnríkisaðgerðir í kjölfar eftirlits.

1. Þegar gild ástæða er til að ætla að skip hafi verið við veiðar utan laga eða stundað fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, skal samningsaðilinn sem stóð fyrir eftirlitinu:
 - a) tilkynna fánaríkinu án tafar og, eftir því sem við á, viðkomandi strandríkjum, svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum, öðrum alþjóðlegum stofnunum og ríkinu þar sem skipstjórinn er ríkisborgari, um niðurstöður sínar; og
 - b) synja skipinu um afnot af höfninni til löndunar, umskipunar, pökkunar og vinnslu á fiski, sem ekki hefur áður verið landað, og aðra hafnarþjónustu, þ.m.t. eldsneytistöku og vistun, viðhald og aðgang að þurrkví, hafi ekki þegar verið gripið til þessara aðgerða gagnvart skipinu í samræmi við samning þennan, þ. á m. 4. gr.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar, skal samningsaðili ekki synja skipi sem vísað er til í þeirri málsgrein um hafnarþjónustu sem er nauðsynleg öryggi eða heilsu áhafnarinnar eða öryggi skipsins.
3. Ekkert í samningi þessum kemur í veg fyrir að samningsaðili grípi til aðgerða sem eru í samræmi við alþjóðalög og koma til viðbótar við þær sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. aðgerða sem fánaríki skipsins hefur farið sérstaklega fram á eða samþykkt.

19. gr.

Upplýsingar um úrræði í hafnríkinu.

1. Samningsaðili skal hafa viðeigandi upplýsingar aðgengilegar almenningi og veita þær, gegn skriflegri beiðni, til eiganda, útgerðar, skipstjóra eða umboðsaðila skips varðandi hvers kyns úrræði sem fyrir hendi eru samkvæmt innlendum lögum og reglum í tengslum við hafnríkisaðgerðir, sem viðkomandi samningsaðili hefur gripið til skv. 9., 11., 13. eða 18. gr., þ. á m. upplýsingar um opinbera þjónustu eða dómstóla sem sem unnt er að leita til í þessum efnunum, svo og upplýsingar um hugsanlegan bótarétt skv. innlendum lögum og reglum ef tjón eða skaði hefur hlotist af meintum ólögætum aðgerðum samningsaðila.
2. Samningsaðilinn skal upplýsa fánaríkið, eigandann, útgerðina, skipstjórnann eða umboðsaðilann, eftir því sem við á, um niðurstöðu ef slíku úrræði er beitt. Þegar aðrir samningsaðilar, ríki eða

alþjóðlegar stofnanir hafa verið upplýstar um fyrri ákvörðun skv. 9., 11., 13. eða 18. gr., skal samningsaðilinn tilkynna þeim um sérhverja breytingu á ákvörðun sinni.

5. hluti
HLUTVERK FÁNARÍKJA
20. gr.

Hlutverk fánaríkja.

1. Hver samningsaðili skal gera skipum sem hafa rétt á að sigla undir fána hans að sýna samvinnu við hafnríkið vegna eftirlits sem haldið er uppi samkvæmt samningi þessum.
2. Þegar samningsaðili hefur gilda ástæðu til að ætla að skip sem hefur rétt á að sigla undir fána hans hafi verið við veiðar utan laga eða stundað fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar og leitar eftir aðgangi að höfn annars ríkis eða er í höfn annars ríkis, skal hann, eftir því sem við á, biðja viðkomandi ríki um að skoða skipið eða grípa til annarra aðgerða samkvæmt samningi þessum.
3. Hver samningsaðili skal hvetja skip, sem hafa rétt á að sigla undir fána hans, til að landa, umskipa, pakka og vinna fisk, og nota aðra hafnarþjónustu, í höfnum ríkja sem fara eftir samningi þessum eða haga málum sínum í samræmi við hann. Samningsaðilar eru hvattir til að þróa, m.a. með milligöngu svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og FAO, sanngjarnar og gagnsæjar málsmeðferðarreglur án mismununar, til að greina hvort ríki fari eftir samningi þessum eða hagi málum sínum í samræmi við hann.
4. Þegar fánaríki sem er samningsaðili fær afhenta skoðunarskýrslu í kjölfar eftirlitsskoðunar af hálfu hafnríkis, sem bendir til þess að gildar ástæður séu til að ætla að skip sem hefur rétt á að sigla undir fána þess hafi verið við veiðar utan laga eða stundað fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar, skal það rannsaka málið án tafar og til hlítar og, ef nægar sannanir eru fyrir hendi, grípa til viðeigandi stjórnvaldsaðgerða án tafar í samræmi við lög þess og reglur.
5. Samningsaðili skal, sem fánaríki, tilkynna öðrum samningsaðilum, viðkomandi hafnríkjum og, eftir því sem við á, öðrum viðkomandi ríkjum, svæðisbundnum veiðistjórnarstofnunum og FAO, um aðgerðir sem hann hefur gripið til gagnvart skipi sem hefur rétt á að sigla undir fána hans og hefur vegna hafnríkisaðgerða samkvæmt samningi þessum, verið staðið að veiðum utan laga eða fiskveiðitengdri starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar.
6. Samningsaðili skal tryggja að aðgerðir sem gripið er til gagnvart skipum sem hafa rétt á að sigla undir fána hans séu í það minnsta jafnárangursríkar til þess að fyrirbyggja, hindra og uppræta veiðar utan laga og fiskveiðitengda starfsemi til stuðnings við slíkar veiðar og þær aðgerðir gagnvart skipum sem vísað er til í 1. mgr. 3. gr.

6. hluti
ÞARFIR ÞRÓUNARRÍKJA
21. gr.

Þarfir þróunarríkja.

1. Samningsaðilar skulu að fullu viðurkenna sérstakar þarfir samningsaðila sem eru þróunarríki varðandi framkvæmd hafnríkisaðgerða samkvæmt samningi þessum. Í því augnamiði skulu samningsaðilar, annaðhvort með beinum hætti eða með milligöngu FAO, annarra sérhæfða stofnana Sameinuðu þjóðanna eða annarra viðeigandi alþjóðastofnana og aðila, þ. á m. svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana veita þróunarríkjum aðstoð til þess, m.a., að:
 - a) bæta hæfni þeirra, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin í þróun og þróunarlanda sem eru lítil eyriki, til að þróa lagagrunn og getu til þess að innleiða virkar hafnríkisaðgerðir;
 - b) auðvelda þátttöku þeirra í alþjóðlegum stofnunum sem standa fyrir virkri þróun og innleiðingu hafnríkisaðgerða; og
 - c) greiða fyrir tæknilegri aðstoð til að styrkja þróun og innleiðingu hafnríkisaðgerða af þeirra hálfu, í samræmi við viðeigandi alþjóðleg kerfi.
2. Samningsaðilar skulu taka viðeigandi tillit til sérstakra þarfa samningsaðila sem eru þróunarríki, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin í þróun og þróunarlanda sem eru lítil eyriki, til að tryggja að óhóflegar byrðar séu ekki lagðar á þá, með beinum eða óbeinum hætti, sem leiða af

framkvæmd samnings þessa. Í þeim tilvikum þar sem sýnt er fram á að á samningsaðila sem er þróunarríki hafi verið lagðar óhóflegar byrðar, skulu samningsaðilar vinna saman að því að greiða fyrir framkvæmd viðkomandi samningsaðila sem er þróunarríki á tilteknum skyldum samkvæmt samningi þessum.

3. Samningsaðilar skulu, annaðhvort með beinum hætti eða með milligöngu FAO, meta sérstakar þarfir samningsaðila sem eru þróunarríki að því er varðar framkvæmd samnings þessa.
4. Samningsaðilar skulu vinna saman að því að koma á fót viðeigandi fjármögnunarkerfum til að aðstoða þróunarríki við að framkvæma samning þennan. Þessi kerfi skulu m.a. beinast sérstaklega að:
 - a) þróun innlendra og alþjóðlegra hafnríkisaðgerða;
 - b) þróun og aukningu á getu, þ. á m. til vöktunar, eftirlits og gæslu, og til þjálfunar hafnarstjóra, eftirlitsmanna og löggæslumanna og löglærðra starfsmanna, á landsvísu og svæðisbundið,
 - c) vöktun, eftirliti, gæslu og regluvörslu sem varða hafnríkisaðgerðir, þ. á m. aðgangi að tækni og búnaði; og
 - d) aðstoð við samningsaðila sem eru þróunarríki vegna útgjalda sem fylgja hvers kyns málsmeðferð við lausn deilumála sem rísa vegna aðgerða sem þeir hafa gripið til samkvæmt samningi þessum.
5. Samvinna við og á milli samningsaðila sem eru þróunarríki að því er varðar efni þessarar greinar getur m.a. falist í að veita tæknilega og fjárhagslega aðstoð í tvíhliða, marghliða og svæðisbundnu samstarfi, einnig á milli þróunarríkja.
6. Samningsaðilar skulu koma á fót sérstökum starfshóp sem skilar reglubundnum skýrslum og sendir tillögur til samningsaðila um uppsetningu fjármögnunarkerfa, þ.m.t. um tilhögun framlaga, bókun og nýtingu fjármuna, þróun viðmiða og verklagsreglna til leiðbeiningar um innleiðingu, og framgang mála við innleiðingu fjármögnunarkerfanna. Til viðbótar við þau atriði sem þessi grein fjallar um, skal hinn sérstaki starfshópur m.a. hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi:
 - a) mat á þörfum samningsaðila sem eru þróunarríki, sérstaklega þeirra sem skemmst eru á veg komin og vanþróaðra þróunarlanda sem eru lítil eyríki;
 - b) tiltækileika og tímanlegar greiðslur fjármuna;
 - c) gagnsæi í ákvarðanatöku- og stjórnunarferlum sem varða fjáröflun og fjárveitingar; og
 - d) ábyrgðarskyldu viðtakandi samningsaðila sem eru þróunarríki að því er varðar samþykktu notkun fjármuna.

Samningsaðilar skulu taka mið af skýrslum og tillögum hins sérstaka starfshóps og grípa til viðeigandi aðgerða.

7. hluti LAUSN DEILUMÁLA 22. gr.

Friðsamleg lausn deilumála.

1. Samningsaðila er heimilt ráðfæra sig við annan eða aðra samningsaðila um hvers kyns ágreining sem varðar túlkun eða beitingu á ákvæðum samnings þessa með það fyrir augum að komast að niðurstöðu sem gagnkvæm sátt er um eins fljótt og mögulegt er.
2. Ef ágreiningur samningsaðila er ekki leystur með viðræðum innan hæfilegs tíma, skulu viðkomandi samningsaðilar eins fljótt og mögulegt er koma sér saman um að leysa ágreininginn með samningum, rannsókn, miðlun, sátttaumleitun, gerðardómi, dómsúrskurði eða öðrum friðsamlegum aðferðum að eigin vali.
3. Verði ágreiningur af þessu tagi ekki leystur með þessum hætti skal með samþykki allra aðila vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins, Alþjóðlega hafréttardómsins eða gerðardóms. Ef ekki tekst samkomulag um að vísa máli til Alþjóðadómstólsins, Alþjóðlega hafréttardómsins eða gerðardóms, skulu samningsaðilar halda áfram viðræðum og samvinnu með það fyrir augum að leysa ágreininginn samkvæmt þjóðréttarreglum um verndun lifandi sjávarauðlinda.

8. hluti
AÐILAR SEM EKKI ERU SAMNINGSADILAR

23. gr.

Aðilar sem ekki eru aðilar að samningi þessum.

1. Samningsaðilar skulu hvetja aðila sem ekki eru aðilar að samningi þessum að gerast aðilar að honum og/eða samþykkja lög og reglur og innleiða aðgerðir í samræmi við ákvæði samningsins.
2. Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir sem eru sanngjarnar, án mismununar, gagnsæjar og í samræmi við þennan samning og önnur gildandi alþjóðalög til að hindra athæfi aðila utan samnings þessa sem eru til þess fallnar að grafa undan virkri framkvæmd samnings þessa.

9. hluti
VÖKTUN, ENDURSKOÐUN OG MAT

24. gr.

Vöktun, endurskoðun og mat.

1. Samningsaðilar skulu innan ramma FAO og viðeigandi stofnana FAO tryggja reglulega og kerfisbundna vöktun og endurskoðun á framkvæmd samnings þessa, auk þess að meta árangur við að ná markmiðum hans.
2. Fjórum árum eftir gildistöku samnings þessa skal FAO boða samningsaðila til fundar til að endurskoða og meta árangur við að ná markmiðum samnings þessa. Samningsaðilar skulu taka ákvörðun um frekari slíka fundi eftir þörfum.

10. hluti
LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar hjá FAO frá tuttugasta og öðrum degi nóvembermánaðar 2009 til tuttugasta og fyrsta dags nóvembermánaðar 2010 fyrir öll ríki og svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna.

26. gr.

Fullgilding, samþykki eða viðurkenning.

1. Þessi samningur er háður fullgildingunni, samþykki eða viðurkenningu undirritunaraðila.
2. Skjöl um fullgildingunni, samþykki eða viðurkenningu skal afhenda vörsluaðila.

27. gr.

Síðari aðild.

1. Eftir að tíminn, sem samningur þessi liggur frammi til undirritunar, er liðinn, skal aðild að honum opin öllum ríkjum eða svæðisbundnum samtökum um efnahagslegan samruna.
2. Aðildarskjöl skulu afhent vörsluaðila.

28. gr.

Þátttaka svæðisbundinna samtaka um efnahagslegan samruna.

1. Í tilvikum þegar valdsvið svæðisbundinna samtaka um efnahagslegan samruna, sem teljast vera alþjóðastofnun skv. 1. gr. IX. viðauka við hafréttarsamninginn, nær ekki yfir öll þau málefni sem falla undir gildissvið samnings þessa, skal IX. viðauki við hafréttarsamninginn, að breyttu breytanda, eiga við um aðild slíkra svæðisbundinna samtaka um efnahagslegan samruna að samningi þessum, nema að eftirfarandi ákvæði umrædds viðauka skulu ekki gilda:
 - a) 1. málslíður 2. gr. og
 - b) 1. mgr. 3 gr.
2. Í tilvikum þegar valdsvið svæðisbundinna samtaka um efnahagslegan samruna, sem teljast vera alþjóðastofnun skv. 1. gr. IX. viðauka við hafréttarsamninginn, nær yfir öll þau málefni sem falla undir gildissvið samnings þessa, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um aðild svæðisbundinna samtaka um efnahagslegan samruna að samningi þessum:

- a) við undirritun eða síðari aðild, skulu samtökin gefa út yfirlýsingu þar sem fram kemur:
 - i. að valdsvið þeirra nái til allra þeirra málefna sem heyra undir gildissvið samnings þessa;
 - ii. að, af þeirri ástæðu, skulu aðildarríki þeirra ekki verða aðildarríki samnings þessa, nema að því er varðar yferráðasvæði þeirra sem samtökin bera ekki ábyrgð á; og
 - iii. að þau samþykki réttindi og skyldur skv. samningi þessum;
- b) þátttaka slíkra samtaka skal ekki í neinu tilviki færa réttindi, sem samningur þessi kveður á um, til aðildarríkja samtakanna;
- c) Í tilviki árekstra milli skuldbindinga slíkra samtaka samkvæmt samningi þessum og skuldbindinga þeirra samkvæmt stofnsamningi þeirra eða gerðum sem tengjast honum, skulu skuldbindingar samkvæmt samningi þessum ganga framár.

29. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi skal taka gildi 30 dögum eftir þann dag er tuttugasta og fimmta fullgildingar-, samþykktar-, viðurkenningar- eða aðildarskjal hefur verið afhent til vörsluaðila samkvæmt 26. eða 27. gr.
2. Fyrir sérhvern undirritunaraðila, sem fullgildir, samþykkir eða viðurkennir samning þennan eftir gildistöku hans, skal samningur þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag sem skjal hans um fullgildingu, samþykki eða viðurkenningu er afhent til vörslu.
3. Fyrir sérhverju ríki eða svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna sem gerast aðili að samningi þessum eftir gildistöku hans, skal hann öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag sem aðildarskjal þeirra er afhent til vörslu.
4. Að því er þessa grein varðar skal ekki telja skjöl, sem svæðisbundin samtök um efnahagslegan samruna afhenda til vörslu, sem viðbót við þau sem aðildarríki þeirra hafa afhent til vörslu.

30. gr.

Fyrirvarar og undantekningar.

Enga fyrirvara eða undantekningar má gera frá samningi þessum.

31. gr.

Yfirlýsingar og athugasemdir.

